

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. september 2020 til íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts. Sjá tillögu á vef Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/skipulag-i-kyrningu/adalskipulagi-reykjavikur-2010-2030-stefna-um-ibudarybyggd>

Góðan daginn

Hér með tilkynnist að hafin er auglýsing á neðangreindri aðalskipulagsbreytingu:

Stefna um íbúðarbyggð. Nýir reitir fyrir íbúðarbyggð og hverfiskjarnar

Tillagan felur í sér að skilgreindar eru heimildir um fjölda íbúða á nokkrum nýjum og eldri byggingarreitum auk skilgreiningar nýrra hverfiskjarna. Breytingartillögur ná til eftirfarandi svæða: Arnarbakki í Neðra-Breiðholti; Eddufell-Völvufell-Suðurfell í Efra-Breiðholti; Rangársel í Seljahverfi; reits á mörkum Háaleitisbrautar og Miklubrautar í Háaleitis- og Bústaðahverfi; reits á mörkum Grensásvegur og Bústaðavegur í Háaleitis- og Bústaðahverfi; reits við Vindás og Brekknaás í Seláshverfi.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá **16. september 2020 til og með 28. október 2020**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b . Tillöguna má nálgast á reykjavik.is og adalskipulag.is

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 28. október 2020.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Bestu kveðjur

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)

Deildarstjóri aðalskipulags

Umhverfis- og skipulagssviði

Reykjavíkurborgar

Sent til:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Kópavogsbær

Garðabær

Hafnarfjarðarkaupstaður

Seltjarnarneskaupstaður

Mosfellsbær

Kjósarhreppur

Önnur nágrennasveitarfélög

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Veitur

Borgarsögusafn

Íbúaráð og íbúasamtök í viðkomandi borgarhlutum